



Stjórnarfundur haldinn 3. mars. 2005 kl:17:30

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir og Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Skipting stjórnar.

Einar lagði til að skipting innan stjórnar væri óbreytt. Kári varaformaður, Þórður Magni gjaldkeri, Sigurvin ritari og Birgir meðstjórnandi. Samþykkt.

2. Fundargerð síðasta fundar og formannafundar.

Engar athugasemdir.

3. Innkomin bréf.

Fréttabréf Taekwondodeildar. Bréf frá Söndru Brá v/ unglingslandsmóts í Vík í Mýrdal um verslunarmannahelgi. Bréf frá ÍSí v/ skil á starfsskýrslum 2004 í Felix. Bréf frá Jóni S. Ólafssyni, Guðmundi Steinarssyni, Sigurði Á Gunnarssyni og Viðari Oddgeirssyni um gerð heimildarmyndar um sögu félagsins. Rætt um efni bréfsins undir 6. lið. Glímublaðið hefur borist.

4. Send bréf.

Bréf til UMFÍ v/ upplýsinga um starfsemi félagsins fyrir stjórnarfund UMFÍ. Bréf til formanna deilda v/ boðunar á formannafund 14. feb. 2005. Boðsbréf sent út v/ aðalfundar félagsins. Bréf til fyrirtækjaskrá vegna breytt pósthólfs Taekwondodeildar.

5. Nýtt félagsheimili Keflavíkur.

Þorleifur Björnsson boðin velkominn á fund aðalstjórnar til aðstoðar við hugmyndavinnslu við nýtt félagsheimili sem byggt yrði ofan á búningastöðu íþróttahússins við Sunnubraut. Rætt vítt og breytt um málið og mun Þorleifur skila tillögum til aðalstjórnar á næstu dögum.

6. Ritun sögu félagsins.

Athugað verður með að rita sögu félagsins. Skipað verður nefnd um málið. ákveðið að Sigurvin og Bjarney taki að sér að stýra nefndinni.

7. Önnur mál.

Einar sagði frá því að nýr Keli væri komin í vinnslu, símaskrá félagsins að verða tilbúinn og óskaði eftir leyfi til að láta prenta hana í lit og dreifa í Reykjanesbæ. Samþ. Kári Gunnlaugsson kom með tillögum um að aðalstjórn eignaðist fartölvu. Samþ. Framkvæmdastjóra falið að kaupa hana.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:55.

